

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar, nr. 1181/2022.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

- Orðið „barnavernd“ í 1. tl. C-liðar fellur brott.
- Orðin „málefni fatlaðs fólks“ í 1. tl. C-liðar fellur brott.
- Við C-lið bætast þrjú nýir töluliðir, svohljóðandi:
  - Umdæmisráð barnaverndar.* Samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs landsbyggða skipa aðildarsveitarfélögin fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár.
  - Barnaverndarþjónusta á Mið-Norðurlandi.* Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi, sbr. auglýsingu nr. 1627/2022 fer sveitarfélagið Skagafjörður með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem ekki eru falin öðrum.
  - Samráðshópur í málefnum fatlaðs fólks.* Samkvæmt samningi um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk, sbr. auglýsingu nr. 710/2016, skipa aðildarsveitarfélögin hvert einn fulltrúa í þjónusturáð.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Húnabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 30. maí 2024.*

F. h. r.  
**Guðni Geir Einarsson.**

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*